

Priðjudaginn 30. apríl 1974.

Nr. 37/1973: Stjórnarnefnd ríkisspítalanna,
Heilbrigðisráðherra og fjármálaráðherra
f. h. ríkissjóðs

gegn

Sigrúnu Arnbjarnardóttur og Kristjáni Ásgeirs-
syni sjálfum og vegna ólögráða sonar þeirra,
Ásgeirs Ísaks Kristjánssonar.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snæ-
varr, Einar Arnalds, Magnús P. Torfason og Þorsteinn Thor-
arensen borgarlógeti.

Læknaráð.

Dómur Hæstaréttar.

Aður en mál þetta er dæmt í Hæstarétti, þykir rétt með
vísan til 1. og 2. málsg. 2. gr. laga nr. 14/1942 að æskja
þess, að Læknaráð láti uppi álit á grundvelli læknisfræðilegra
gagna málsins um það, hvort vanheilindi drengsins Ásgeirs
Ísaks Kristjánssonar, svo sem þeim er lýst í sakargögnum,
verði rakin til þess, að móðir hans fékk sjúkdóminn rauða
hunda á meðgöngutíma barnsins 21. janúar 1964.

Ályktarorð:

Læknaráð láti í té álitserð samkvæmt framangreindu.